

MAT Á FRAMKVÆMD LAGA

Sveitarfélög

1. desember 2014

ATTENTUS
mannauður & ráðgjöf

Árný Elíasdóttir, Arndís Vilhjálmdóttir og
Sveinborg Hafliðadóttir



Greining þessi er unnin á vegum Attentus - mannauður og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skýrsluhöfundar þakka skólastjórnendum fyrir aðstoðina við gagnaöflun og samstarf meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík, 1. desember 2014.

Árný Elíasdóttir, Arndís Vilhjálmisdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Töflur	2
Samantekt	3
1. Samráð um skólastarf.....	4
2. Mat á skólastarfi	5
3. Tengsl milli skólastiga.....	7
4. Samrekstur og sameiningar skóla	11
5. Samstarf milli sveitarfélaga.....	13
6. Nemendur.....	14
7. Starfsmenn	17
8. Annað.....	18
Viðauki I - Spurningalisti netkönnunarinnar.....	19
Viðauki II - Yfirlit yfir sveitarfélög.....	26

TÖFLUR

Tafla 1. Sveitarfélög sem ekki bárust svör frá	3
Tafla 2. Er sameiginleg nefnd á vegum sveitarfélagsins sem fer með málefni leikskóla og grunnskóla?	4
Tafla 3. Staðfesti skólanefnd skólanámskrá grunnskóla fyrir skólaárið 2013-2014?	4
Tafla 4. Staðfesti skólanefnd skólanámskrá leikskóla fyrir skólaárið 2013-2014?	4
Tafla 5. Staðfesti skólanefnd starfsáætlun grunnskóla fyrir skólaárið 2013-2014?	4
Tafla 6. Staðfesti skólanefnd starfsáætlun leikskóla fyrir skólaárið 2013-2014?	4
Tafla 7. Hefur sveitarfélagið gert/látið framkvæma ytra mat (fengið utanaðkomandi aðila til að gera úttekt) á skólum sveitarfélagsins frá árinu 2008?	5
Tafla 8. Vinsamlega tilgreindu ástæðu:	5
Tafla 9. Stuðlar sveitarstjórn að samstarfi milli leikskóla og grunnskóla?	7
Tafla 10. Vinsamlega tilgreindu með hvaða hætti:	7
Tafla 11. Stuðlar sveitarstjórn að samstarfi milli grunnskóla og framhaldsskóla?	9
Tafla 12. Vinsamlega tilgreindu með hvaða hætti:	9
Tafla 13. Er samrekstur skóla í sveitarfélaginu?	11
Tafla 14. Vinsamlegast tilgreindu nöfn skólanna:	11
Tafla 15. Hefur á síðustu fimm árum átt sér stað sameining skóla á sama skólastigi í sveitarfélaginu? Leikskólar	12
Tafla 16. Hefur á síðustu fimm árum átt sér stað sameining skóla á sama skólastigi í sveitarfélaginu? Grunnskólar	12
Tafla 17. Hefur á síðustu fimm árum átt sér stað sameining skóla á sama skólastigi í sveitarfélaginu? Tónlistarskólar	12
Tafla 18. Hefur sveitarfélagið haft samvinnu við annað sveitarfélag um rekstur leikskóla?	13
Tafla 19. Hefur sveitarfélagið þurft að bregðast við beiðni foreldra um tvöfalda leikskóladvöl (í sitt hvoru sveitarfélaginu)?	13
Tafla 20. Eru skólaskyld börn með lögheimili í sveitarfélaginu sem ekki sækja skóla?	14
Tafla 21. Hvernig tryggir sveitarfélagið að nemendur með annað móðurmál en íslensku og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf?	14
Tafla 22. Er málsverður nemenda sem framreiddur er á skólatíma í samræmi við opinber máneldismarkmið?	15
Tafla 23. Hvers vegna ekki?	15
Tafla 24. Í kjölfar gildistöku laga nr. 91/2008 um grunnskóla, var sett á laggirnar sérstök úrskurðarnefnd vegna skólagöngu fósturbarna í samræmi við reglugerð nr. 547/2012 um skólagöngu fósturbarna í grunnskólum. Telur þú þörf á að slík nefnd sé starfsrækt?	15
Tafla 25. Hafa verið settar opinberar reglur um innritun í leikskóla í sveitarfélaginu?	15
Tafla 26. Hve margir nemendur fæddir síðar en 2008 innrituðust í 1. bekk grunnskóla sveitarfélagsins haustið 2014?	16
Tafla 27. Hve margir nemendur fæddir fyrr en 2008 innrituðust í 1. bekk grunnskóla sveitarfélagsins haustið 2014?	16
Tafla 28. Er við ráðningu starfsfólks við leik- og grunnskóla sveitarfélagsins óskað eftir sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá?	17
Tafla 29. Hvers vegna ekki?	17
Tafla 30. Hefur sveitarfélagið sett sér læsisstefnu?	18
Tafla 31. Hafa eftirfarandi ákvæði laga um leik- og grunnskóla haft kostnaðaráhrif í sveitarfélaginu?	18

SAMANTEKT

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum könnunar á innleiðingu og framkvæmd laga nr. 90/2008 um leikskóla og 91/2008 um grunnskóla. Könnunin var unnin af Attentus – mannaúði og ráðgjöf fyrir mennta og menningarmálaráðuneytið á tímabilinu september og október 2014. Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um hvort og hvernig leik- og grunnskólum hafi tekist að fylgja lögnum eftir í framkvæmd.

Könnunin (sjá viðauka I) var send út til oddvita, bæjar- og sveitarstjóra í formi netkönnunar. Mikil áhersla var lögð á heimtur frá öllum sveitarfélögum. Yfirlit yfir sveitarfélög og heimtur má sjá í viðauka II en ekki bárust svör frá öllum sveitarfélögum (sjá töflu 1), þrátt fyrir ítrekanir bæði bréf- og símleiðis. Af 74 sveitarfélögum bárust svör frá 68. Eitt sveitarfélag greindi frá því að engin börn væru á leik- og grunnskólaaldri í sveitarfélaginu og því enginn rekstur skóla. Svarhlutfall var því 93%. Einnig var nokkurt brottfall, þ.e. ekki svöruðu öll sveitarfélög öllum spurningum.

Tafla 1. Sveitarfélög sem ekki bárust svör frá

Sveitarfélag	Athugasemd
Eyja- og miklaholtshreppur	Engin svör bárust
Fljótshöfnshreppur	Engin svör bárust
Skagabyggð	Engin svör bárust
Skorradalshreppur	Engin börn á leik- og grunnskólaaldri
Vestmannaeyjar	Engin svör bárust
Vopnafjarðahreppur	Engin svör bárust

Niðurstöður eru settar fram í lýsandi tölum yfir það hvort ákvæðum laga sé fylgt eða ekki. Í opnu spurningunum er kallað eftir frekari skýringum. Svör við þeim fylgja með að mestu leyti eins og þeim var skilað en nöfn tekin út auk lagfæringa á innsláttar- og stafsetningarvillum. Að beiðni ráðuneytisins eru í þessari skýrslu ekki birt öll svör við opnum spurningum sem lagðar voru fyrir.

1. SAMRÁÐ UM SKÓLASTARF

Fyrstu spurningarnar snéru að hlutverki og starfsemi skólanefndar sveitarfélagsins. Sameiginleg nefnd á vegum sveitarfélagsins sem fer með málefni leik- og grunnskóla er starfandi í meirihluta sveitarfélaga (tafla 2). Í rúmlega fjórðungi sveitarfélaga staðfesti skólanefnd ekki skólanámskrá grunnskóla (tafla 3) og í þriðjungum tilfella staðfesti hún ekki skólanámskrá leikskóla (tafla 4). Aftur á móti staðfestir skólanefnd starfsáætlun grunnskóla í flestum sveitarfélögum. Einnig staðfestir skólanefnd í flestum sveitarfélögum starfsáætlun leikskóla – en þó í færri tilvikum en starfsáætlun grunnskóla (tafla 5 og 6).

Tafla 2. Er sameiginleg nefnd á vegum sveitarfélagsins sem fer með málefni leikskóla og grunnskóla?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	64	94,1%	94,1%
	Nei	4	5,9%	5,9%
	Alls	68	100,0%	100,0%

Tafla 3. Staðfesti skólanefnd skólanámskrá grunnskóla fyrir skólaárið 2013-2014?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	50	73,5%	73,5%
	Nei	18	26,5%	26,5%
	Alls	68	100,0%	100,0%

Tafla 4. Staðfesti skólanefnd skólanámskrá leikskóla fyrir skólaárið 2013-2014?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	45	66,2%	66,2%
	Nei	23	33,8%	33,8%
	Alls	68	100,0%	100,0%

Tafla 5. Staðfesti skólanefnd starfsáætlun grunnskóla fyrir skólaárið 2013-2014?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	63	92,6%	92,6%
	Nei	5	7,4%	7,4%
	Alls	68	100,0%	100,0%

Tafla 6. Staðfesti skólanefnd starfsáætlun leikskóla fyrir skólaárið 2013-2014?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	57	83,8%	83,8%
	Nei	11	16,2%	16,2%
	Alls	68	100,0%	100,0%

2. MAT Á SKÓLASTARFI

Spurt var um lögboðna framkvæmd ytra mats. Minna en helmingur sveitarfélaga hafði látið gera ytra mat (tafla 7). Þau sveitarfélög sem ekki höfðu látið framkvæma ytra mat voru beðin um skýringar (tafla 8).

Tafla 7. Hefur sveitarfélagið gert/látið framkvæma ytra mat (fengið utanaðkomandi aðila til að gera úttekt) á skólum sveitarfélagsins frá árinu 2008?

	Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	29	42,6%
	Nei	39	57,4%
	Alls	68	100,0%

Tafla 8. Vinsamlega tilgreindu ástæðu:

Athugasemdir
Ekki komið að því ennþá.
Sveitarfélagið hefur haft væntingar um að umrætt þróunarverkefni verði fest í sessi og styrkt með auknu fjármagni svo allir skólar fari í ytra mat með reglulegu millibili. Það er eðlileg þróun að ytra matið fari fram án aðkomu eða milligöngu sveitarfélagsins.
Ekki komið því í verk
Engin sérstök ástæða er fyrir því
Framkvæmt var ytra mat á vegum ráðuneytis á síðasta skólaári, svo þess gerðist ekki þörf.
Sveitarfélagið gerir á eigin vegum kannanir með foreldra og starfsmanna og liðankannanir með grunnskólanemenda í samvinnu við skólastjórnendur. Einnig eru niðurstöður samræmdra prófa rýndar
Unnin var menntastefna fyrir sveitarfélagið árið 2008 þar sem komið var inn á þessa þætti og er það trúlegasta skýringin á því að ekki hefur verið unnið ytra mat annað en það sem ráðuneytið hefur kallað eftir. Ákveðið hefur verið að unnin verði almenn úttekt á skólum sveitarfélagsins á komandi vetri og verður hún unnin af utanaðkomandi aðila.
Heimsóknir [nn] sem er byggðasamlag látnar nægja.
Sveitarfélagið hefur á árabílinu 2007-2013 gert heildarmat (ytra mat) á öllum grunnskólum utan samrekinna leik- og grunnskóla (2 skólar). Matsskýrslur er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins. 2013-2014 hefur verið framkvæmt ytra mat í 6 leikskólum. Leikskólaskýrslur hafa ekki verið birtar opinberlega enn sem komið er.
Beðið er eftir ytra mati frá ráðuneyti og /eða sambandinu.
Leikskóli og grunnskóli eru reknir í samvinnu við annað sveitarfélag og sá sveitarfélagið ekki ástæðu til þess að hafa frumkvæði að slíkri vinnu, þar sem hann á einungis 25% í þessum skólum.
Ekki hefur verið talin þörf á því.
Beðið hefur verið eftir því hvað yrði úr tilraunaverkefninu. Það hefur reyndar verið tekin ákvörðun um að fá aðgang að verkefni því sem [nn] hefur þróað og er reiknað með því að það verkefni fari af stað á næsta ári þ.e. 2015.
Ekki hefur verið talin sérstök þörf á slíkri úttekt.
Einn grunnskóli sem rekinn er af sveitarfélaginu og einn leikskóli voru hluti af úttekt á vegum ráðuneytisins árið 2011. Ekki hefur verið fjármagn til frekari úttekta en sveitarfélagið sinnir eftirlitsskyldum og hefur tekið saman viðmið um ársskýrslur og starfsáætlanir skóla ásamt gátlista til að auðvelda eftirlitsskyldur þess.
Ekki verið tekin ákvörðun um að láta slíka könnun fara fram.
Á ekki við.
Hefur ekki verið talin þörf fyrir það.
Ekki dregin úr lukkupottinum ennþá.
Hef ekki gögn um ástæðuna
Höfum sótt um úttektir á vegum ráðuneytisins, en ekki séð ástæðu til að gera annarskonar úttektir.
Ytra mat á grunnskólastarfi á vegum [nn] var gert 2013-2014 og litið á það sem nægjanlegt mat á grunnskólastarfi. Ákveðið að gera formbreytingu á rekstri leikskóla með samningi við Hjallastefnuna. Ytra mat á leikskólastarfi hefði því ekki nýst til umbóta.
Á þessu tímabili hafa 3 skólar af 5 farið í ytra mat á vegum MMR.
Það er ekki starfræktur skóli í sveitarfélaginu.
Ytra mat var framkvæmt af ráðuneyti í einum leikskóla og tveimur grunnskólum.
Er í vinnslu.
Nýleg úttekt MMRN fyrirbyggjandi. Ekki ástæða til að gera fleiri í bili.
Málið er í vinnslu.
Sveitarfélagið rekur enga skóla lengur.
Skólanámskrá var ekki tilbúin og stutt síðan grunnskóli og leikskóli voru sameinaðir.
Ekki verið farið í slíka úttekt.
Þátttaka í þróunarverkefni 2012.
Ekki vitað.

Það var gert ytra mat árið 2008 og þar sem leik- og grunnskóli voru sameinaðir 1. janúar 2011 hefur það ekki þótt tímabært. Það er hins vegar til skoðunar núna.

Það hefur ekki komið til tals.

Ekki tilgreind ástæða.

Skortur á fé, er líklegast aðal ástæðan.

Sameiginlegt verkefni tveggja sveitarfélaga.

3. TENGLI MILLI SKÓLASTIGA

Nokkrar spurningar snéru að tengslum milli skólastiga. Flest sveitarfélög telja að sveitarstjórnin styðji samstarf milli leik- og grunnskóla (tafla 9) og gátu gefið nánari lýsingu á því með hvaða hætti það samstarf fer fram (tafla 10).

Tafla 9. Stuðlar sveitarstjórn að samstarfi milli leikskóla og grunnskóla?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	60	88,2%	93,8%
	Nei	4	5,9%	6,3%
	Alls	64	94,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	4	5,9%	
Alls		68	100,0%	

Tafla 10. Vinsamlega tilgreindu með hvaða hætti:

Athugasemdir
Með hvatningu, jákvæðri umfjöllun og fjármagni.
Sameiginlegir fundir forstöðumanna.
Í skólastefnu sveitarfélagsins er lögð rík áhersla á tengsl milli skólastiga, að þau séu gagnvirk og fjölþætt þar sem hagsmunir nemenda sitja í fyrirrúmi.
Málefni leik- og grunnskóla heyra undir sama rekstrarsvið og yfirstjórn. Markvisst er unnið að því að samræma ýmsar stefnur og vinnulag og styrkja samfellu og samstarf milli skólastiga.
Samkensla leik- og grunnskóla, samstarf í hverri viku, elstu árgangur leikskóla og 1. bekkur grunnskóla, kennarar þessara árganga með sameiginlega undirbúningstíma samræmt skóladagatal.
Starfsdagur eru samhæfðir, leikskólabörn heimsækja grunnskólann reglulega, matur fyrir báða skólana er eldaður í skólaeldhúsi grunnskólans. Almenn gott samráð og samstarf milli skólanna.
Sjá heimasíðu sveitarfélagsins.
Sameiginlegir stjórnendafundir. Sameiginleg námskeið og samstarf kennara.
Samstarfsverkefni, sameiginlegum fræðsludegi, samskiptum nemenda á milli skólastiga og fl.
Verkefni sem heitir Brúum bilið hefur verið til staðar í a.m.k 15. ár. Þar hittast þeir sem sjá um kennslu á leikskóladeildum elstu barna og kennslu yngsta árgangs í grunnskóla. Föst dagskrá er í kringum samstarfið sem tekur til alls skólaársins. Heimsóknir, vorskóli og skil á upplýsingum vegna sérþarfa leikskólabarna.
Samstarf um starfsdaga og undirbúning barna í elstu deild leikskóla og yngstu deild grunnskóla.
Með sameiginlegu ráði og fræðsluskrifstofu. Samstarfsfundum. Sameiginlegum teyrum og sameiginlegum starfsdögum og fræðslu.
Með reglubundnum heimsóknum á milli skólasviða og sameiginlegum fundum stjórnenda.
Starfandi er hópur sem kennir 5 ára börnum í leikskóla og 6 ára börnum í grunnskóla. Verkefni þessa hóps er að brúa bilið milli skólastiga, vinna að samfellu í námi barnanna og gegn rofi. Nýhafið er samstarfsverkefni í samvinnu við [nn] sem miðar að enn betri samvinnu milli skólastiganna með sérstakri áherslu á læsi og stærðfræði.
Skólarnir hafa verið sameinaðir frá 2010.
Tilgangur með stofnun skóla- og frístundasviðs er meðal annars að stuðla að samfellu í starfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva. Starfsáætlun sviðsins tekur mið af þessu hlutverki í fjölmörgum verkefnum, svo sem læsi, samvinnu í hverfum og þáttum sem snúa að velferð nemenda.
Samreknir grunn- og leikskólar.
Börn úr leikskólanum fara reglulega í grunnskólann og íþróttahúsið er notað sameiginlega. Mötuneyti er sameiginlegt.
Sameiginleg litlu jól og árshátíð. Þá fara elstu börn dagvistar í vorskóla. Sameiginlegar söngstundir.
Við höfum staðið fyrir sameiginlegum fundum stjórnenda, stjórnendur samræma skóladagatal, skipulagðar hafa verið heimsóknir milli skólastiga með kerfisbundnum hætti, Yfirstjórn er sameiginleg, unnið er að sambærilegum verkefnum sem samræður eru um o.fl.
Stjórnendur hittast á reglubundnum fundum. Haldnir eru skilafundir vegna nemenda sem eru að færa á milli skólastiga. Þá eru reglulegar heimsóknir frá leikskólastiginu í grunnskólann.
Með eftirfylgni [nn] og fjármögnun samstarfsverkefna svo sem vorskóla leikskólabarna á síðasta ári í leikskóla. Einnig rekur sveitarfélagið tónlistarverkefni sem allir nemendur í elstu árgöngum leikskóla og yngstu árgöngum grunnskóla taka þátt. [nn] stendur reglulega fyrir sameiginlegum fundum stjórnenda skólanna og annarra stofnana á sviðinu þar sem að m.a. eru rædd og skipulögð samstarfsverkefni.
Í gegnum vinnu við gerð skólastefnu.
Stuðlað að samræmingu starfsáætlana.
Með samvinnu.
Mjög gott samstarf er á milli leik- og grunnskóla. Elsti árgangur leikskóla fer m.a. í aðlögun í skólann á síðasta vetri o.fl.
Einn skólinn er samþættur leik- og grunnskóli og dæmi um slíkt samstarf. 5. ára nemendur hafa verið í 5 ára deildum grunnskóla, eða komið í grunnskóla jafnt og þétt yfir skólaárið. Árlega er fundað um alla þá nemendur sem leikskóli telur nauðsynlegt að miðla upplýsingum um - auk þess sem upplýsingum frá grunnskóla er miðlað til leikskóla. Hér mætti telja marga fleiri þætti, m.a. sem

snýr að samstarfi skólastjórnenda leik- og grunnskóla, en látið staðar numið hér.
Sameiginleg stefnumótun, sameiginleg námskeið og fræðslufundir. Náið samráð leik- og grunnskóla í hverju skólahverfi. Sameiginleg sérfræðiþjónusta fyrir bæði skólastigin og sameiginleg fagráð í ýmsum málum, s.s. málefnum innflytjenda.
Sami skólastjóri til dæmis.
Sameiginleg nefnd og samstarf.
Skólarnir eru samreknir með einn skólastjóra. Skólastjórnendur hittast vikulega til samstarfs, samstarf er um Grænánaverkefnið, 5 ára börn á leikskólanum taka þátt í starfi 6 ára í grunnskólanum, sameiginlegir starfsdagar og allur starfsmannahópurinn hittist amk. tvisvar á ári.
Erum með samþykktu framtíðarsýn þar sem samvinna á milli skólastiga er ein af meginleiðum til að ná settum markmiðum.
Með öflugri brú milli skólastiga. Leikskólabörn í elsta árgangi heimsækja grunnskólana reglulega á síðasta ári sínu í leikskóla og fara í sk. vorskóla í maí. Formlegir skilafundir eiga sér stað milli leik- og grunnskóla um börn með sérþarfir. Öflugt samstarf leikskólastjóra allra leikskóla með fræðslustjóra. Starfsmannaheimsóknir á milli leikskóla.
Börn fara á milli.
Markvissar heimsóknir elsta árgangs í leikskóla í grunnskóla.
Með sameiginlegri fræðslunefnd beggja skólastiga.
Skólanefnd leggur áherslu á samstarf skólanna, stjórnendur hafa lagt á það áherslu og það hefur gengið ágætlega eftir.
Samstarfsverkefni sem kallast Brúum bilið, vegna leikskólabarna sem flytjast í grunnskóla. Það er sameiginleg áætlanagerð um hvaða gögn fylgja nemendum. Sameiginleg fræðsluerindi eru haldin fyrir leik- og grunnskólakennara
Sameiginleg uppeldisstefna, stoðþjónusta, heimsóknir hópa.
Leik- og grunnskólinn eru í talsverðum tengslum. Leikskólinn kemur reglulega í heimsókn í grunnskólann og eins eru margir viðburðir sameiginlegir.
Síðan 1992 hefur verið mjög þétt og gott samstarf milli leik- og grunnskóla. Nú er unnið að samræmingu skólanámsskráa leik og grunnskóla.
Skólarnir vinna saman á reglubundnum grunni: Nemendur 1. bekkjar grunnskóla heimsækja leikskóla vikulega. Nemendur skólahóps leikskóla heimsækja grunnskóla vikulega. Skólarnir taka sameiginlega þátt í lestrarstefnu skóla á Suðurnesjum. Nemendur skólahóps leikskóla taka þátt í viðburðum í grunnskóla; Árshátíð, jólaskemmtun o.fl. Skólarnir taka saman þátt í Comenius Regio verkefni þar sem unnið er að gerð námskrár í náttúrufræði og mynd og handmennt. Marmíðið er að tengja saman skólastigin og skólana við stofnanir í bæjarfélaginu. Aðrar stofnanir sem taka þátt eru: [nn], [nn], [nn] og [nn]. Skólarnir vinna saman með könnun á hljóðkerfisvitund með Hljómur 2.
Með samráðsfundum og samnýtingu á aðkeyptri fagþjónustu.
T.d. með því að sameina skólana og með sameiginlegri yfirstjórn.
Sameiginlegir fundir stjórnenda þar sem bæjarstjóri situr einnig fyrir hönd sveitarfélagsins.
Með samstarfi skólastiganna undir forystu skólastjórnenda.
Eru reknir í sama húsi og er mikill samgangur á milli.
Með sameiningu skólanna.
Með sameiningu.
Leik- og grunnskóli er sameinaður og það er framkvæmd sveitarstjórna til að auka flæði og samvinnu milli skólastiga. Sveitarstjórn hefur einnig samþykkt auka kennslukvóta til grunnskóladeildar til kennslu í leikskóladeild svo sem með íþróttakennslu, verkgreinakennslu og tónlistarkennslu.
Með hvatningu til skólastjóra beggja skólanna, sameiginlegir fundir með [nn]Skólarnir skipuleggja svo sitt samstarf.
Leikskóli hefur aðgang að íþróttasal og bókasafni í samvinnu við grunnskóla og einnig er samvinna á milli skólastiga hvað varðar móttöku nýnema grunnskóla.
Sameining skólastiganna.
Sameiginlegir fundir stjórnenda beggja skólanna, sameiginleg námskeið og fleira.
Skólinn er sameinaður grunn-, leik- og tónskóli og þar af leiðandi með einn skólastjóra og eina fræðslunefnd, en starfar í þremur deildum
Reynt að brúa bilið milli skólastiga, 5 ára börn fara í forskóla Stuðlað að samskiptum kennara milli skólastiga.
Keypt gögn sem tilheyra samstarfinu
Sameiginlegt verkefni tveggja sveitarfélaga.
Heimsóknir milli skólastiga. Leikskóli og grunnskóli sameinaðir í eina stofnun.
Fræðslunefnd fer með málið í umboði bæjarstjórnar og fylgir því eftir. Með reglubundnum samskiptum stjórnenda skólanna og nemenda sem næst fara frá leikskóla í grunnskóla.

Nærri þriðjungur sveitarfélaga virðist ekki stuðla að samstarfi milli grunn- og framhaldsskóla (tafla 11). Í þeim tilvikum þar sem það á við var gefinn kostur á að útskýra nánar með hvaða hætti stuðningur fer fram (tafla 12).

Tafla 11. Stuðlar sveitarstjórn að samstarfi milli grunnskóla og framhaldsskóla?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	44	64,7%	68,8%
	Nei	20	29,4%	31,3%
	Alls	64	94,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	4	5,9%	
Alls		68	100,0%	

Tafla 12. Vinsamlega tilgreindu með hvaða hætti:

Athugasemdir
Nemar hafa stundað nám í [nn]á meðan þau eru enn í grunnskóla.
Grunnskólanemendur geta sótt ákveðin grunnnámskeið í framhaldsskóla bæjarins og hefur verið talsvert mikið um það.
Nemendur á unglíngastigi fara í iðngreinakynningar í [nn]. Fulltrúar frá [nn] koma og kynna skólastarf. Nemendur elstu bekkja grunnskóla fara í náms- og kynnisferðir á Norðurlandi.
Samstarf er milli námsráðgjafa skólastigana bæði hvað varðar almenna upplýsingagjöf og málefni nemenda sem þurfa sérúrræði á framhaldsskólastiginu. Einnig samstarf á sviði forvarna. Boðið er upp á valgrein í framhaldsskóla sem er kostuð af grunnskólunum og er fyrir grunnskólanemendur
Með heimsóknnum grunnskólanema í framhaldsskóla á svæðinu.
Með gagnkvæmum heimsóknnum í framhaldsskóla á svæðinu og sérstökum ferðum nemenda á námskynningar
Grunnskólanemendur í 9. og 10. bekkjum hafa getað stundað nám í framhaldsskólum. Kynningar á framhaldsskólanámi fara fram í grunnskólum. Samræður hafa verið á milli grunnskólastjóra og skólameistara framhaldsskóla um námsmat.
Með kynningum og að elstu nemendur grunnskóla hafi möguleika á að taka einingar í framhaldsskóla.
[nn].
Það hefur verið unnið að því að auka samskipti skólastiganna með því að bjóða kennurum unglíngastiga á fundi með kennurum og námsráðgjöfum með reglubundnum hætti. Skólastigin öll hafa svo staðið að ráðstefnu annað til þriðja hvert skólaár að hausti fyrir alla kennara leik-, grunn-, framhalds og háskóla, sem hefur verið mjög lærdómsríkt fyrir alla - samræða skólastiga. Þá hafa yfirstjórnendur og skólameistarar átt samstarf um haustfrí sem hafa verið samræmd á öllum skólastigum eins og kostur er. Í farvatninu er að formgera enn frekara samstarf, m.a. til að ræða og skoða leiðir til að minnka brottfall.
Aðallega með námskynningum.
Með hvatningu í skólastefnu sinni og kröfu fræðslu- og menningarnefndar um að skólarnir geri grein fyrir samstarfi sínu.
Kynning fyrir 10. bekk.
Samstarf um valgreinar fyrir unglíngastig. Framhaldsáfangar sem elstu nemendur grunnskóla geta tekið og fengið metna í framhaldsskólann. Reglulegir samráðsfundir skólameistara framhaldsskólanna og [nn]. Kynningar o.fl.
Með samstarfi við framhaldsskólann á [nn].
Samband við [nn] um að nemendur geti tekið áfanga í framhaldsskóla.
Með heimsóknnum í [nn] og [nn], kynningum á námsframboði í framhaldsskólum og almennri námsráðgjöf.
T.d. með því að bjóða bráðgerum nemendum að taka áfanga í menntaskólanum samhliða námi í unglíngadeild grunnskóla.
Skólastjórar grunnskóla og skólameistari menntaskólans eiga gott samstarf. Kennarar hafa átt gott samstarf en það er aðeins farið að rykfalla. Þurfum að bæta úr því. Nemendur í menntaskólanum hafa fengið að vinna að ákveðnum verkefnum í samstarfi við leik- og grunnskóla.
Mörkuð er stefna í samstarfi í skólastefnu sveitarfélagsins. Námsráðgjafar grunn- og framhaldsskóla vinna saman gegn brottfalli, ásamt [nn] og [nn]. Fagkennarar beggja skólastiga hittast tvisvar á ári. Nemendur í 10. bekk geta sótt áfanga í [nn] og líka fengið kennslu í áföngum í sínum grunnskóla. Nemendur í 10. bekk geta verið í Iðnskólavali þar sem þeir kynnast mörgum greinum iðnnáms.
Fundir með stjórnendum, sameiginlega þróunarverkefnið Verklegt er vitið, forvarnardagurinn, sérkennarar funda að vori og hausti þegar nemendur fara milli skólastiga. Fyrirhugaður er fundur milli kennara framhaldsskóla og eldri bekkjakennara grunnskóla.
Nemendur í grunnskóla er boðið að taka áfanga í framhaldsskóla.
Samráð og samnýting á húsnæði.
Með því að styðja starfsemi dreifnámsdeildar í [nn] þar sem grunnskólanemar geta tekið framhaldsskólakúrsa
Með heimsóknnum
Sameiginlegt verkefni tveggja sveitarfélaga.

Almenn hvatning til samstarfs.

Í skólafestu bæjarfélagsins er lögð áhersla á margþætt tengsl milli grunn- og framhaldsskóla. Lagðar eru fram leiðir til að þetta geti orðið, til dæmis aukið upplýsingastreymi milli þessara skólastiga í formi kynninga og gagnkvæmra heimsóknna. Bæjarstjórn hefur undanfarin ár gert ráð fyrir kennslu framhaldsskóla áfanga í grunnskólanum og lagt til þess fé í fjárhagsáætlun. Fjöldi nemenda hefur verið þessum hætti verið gert kleift að ljúka námi fyrr en ella framhaldsskólaáföngum innan grunnskólans og á það bæði við um bóklegar og verklegar greinar. Einnig er æskilegt að framhaldsskólar á Suðurlandi bjóði í auknum mæli fjarnám. Markmiðasett lok grunnskóla, þar sem í boði væru mismunandi...

Námsráðgjafi grunnskólans hefur ávallt hefur leitast við að kynna námstilboð framhaldsskóla sem best fyrir elstu nemendum skólans. Skólaheimsóknir hafa verið fastur liður í því sambandi. Auk þess hefur námsráðgjafi fylgt sérstaklega eftir nemendum sem glímt hafa við sértæka námserfiðleika eða annan vanda á skólagöngu sinni.

Samstarf stjórnenda. Val í framhaldsskóla kennt í grunnskólum. Samstarf í forvarnamálum.

Grunnskólanemendur taka valáfanga á framhaldsskólastigi. Einnig er samstarf á milli í sérfræðipjónustu skólastiganna.

Stuðningi við skólana báða. Skólarnir eru staðsettir í sama húsnæði.

Haldir hafa verið samstarfsfundir og yfirmaður á skólaskrifstofu er jafnframt í skólanefnd framhaldsskóla. Hér má þó gera betur.

Stjórnendur og námsráðgjafar hafa samstarf um að veita bráðgerum grunnskólanemendum brautargengi í framhaldsskólaáföngum [nn]. Á hverju vori eru formleg skil milli skólastiga um þá nemendur 10. bekkjar sem ætla sér að stunda nám við [nn]. Í febrúar ár hvert eru haldnar kynningar fyrir nemendur 10. b. og foreldra þeirra í samstarfi við grsk. um námskipulag og framboð í framhaldsskólanum.

Samstarfsverkefni kennara á báðum skólastigum. Samstarf um íþróttakademíu. Nemendur grunnskóla stunda fjarnám í framhaldsskólum.

Nemendur á unglingsstigi geta hafið nám í [nn] [nn] meðan þeir eru ennþá í grunnskólanámi. [nn] ber svo saman einkunnir úr 10. bekk við einkunnir í 100 áföngum framhaldsskólans og skilar þeim til grunnskólayfirvalda.

Nemendur fá kynningu og stundum hefur verið boðið upp á áfanga í framhaldsskóla

Það er sem eitthvað sem hægt er að benda á sérstaklega.

Í gegnum Skólaskrifstofu er samstarf milli grunnskóla á svæðinu og [nn] [nn]. Nemendum grunnskóla er boðið upp á valáfanga í [nn]. Námsráðgjafar vinna náið saman og þroskaþjálfir fylgir nemendum með sérþarfir á milli skólastiga.

Fundir á milli skóla og einnig eru ákveðnir áfangar kenndir í grunnskólanum sem nýtast nemendum síðar í framhaldsskólanum.

Með rekstri framhaldsskóladeildar á [nn].

Dreifnám frá [nn] [nn] [nn]. Kynningar hafa farið fram í samfélaginu á dreifnáminu, grunnskólanum boðið í heimsókn, grunnskólanemendur geta tekið og taka áfanga í dreifnáminu ofl. Mikil tengsl starfsmanna dreifnáms við grunnskólann.

Samvinna á milli kennara úr grunnskóla kennir á báðum stöðum og elstu nemendur fara í fjölbrautaskólann og þau sem geta taka kúrs á framhaldsskólastigi.

Nemendur grunnskóla hafa sótt áfanga í framhaldsskóla.

Í samstarfi við önnur sveitarfélög á svæðinu hefur verið sameiginlegur vettvangur sem nýttur hefur verið til að hvetja framhaldsskólana til að kynna sig í grunnskólunum og í samfélaginu á svæðinu.

4. SAMREKSTUR OG SAMEININGAR SKÓLA

Spurt var um samrekstur og sameiningar skóla. Í meira en helmingi sveitarfélaga virðist enginn samrekstur vera milli skóla í sveitarfélaginu (tafla 13). Algengast er að hann sé milli leik- og grunnskóla. Í þeim tilvikum sem samrekstur í einhverri mynd er til staðar var beðið um að tilgreina nöfn þeirra skóla sem eru í samrekstri (tafla 14). Í flestum sveitarfélögum hefur ekki átt sér stað sameining á sama skólástigi (tafla 15, 16 og 17).

Tafla 13. Er samrekstur skóla í sveitarfélaginu?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já, milli leikskóla og grunnskóla	15	22,1%	23,4%
	Já, milli grunnskóla og tónlistarskóla	4	5,9%	6,3%
	Já, milli leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla	8	11,8%	12,5%
	Nei, enginn samrekstur er milli skóla innan sveitarfélagsins	37	54,4%	57,8%
	Alls	64	94,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	4	5,9%	
Alls		68	100,0%	

Tafla 14. Vinsamlegast tilgreindu nöfn skólanna:

Athugasemdir
Stóru-Vogaskóli, Tónlistarskóli Voga.
Árskógarskóli
Brúarásskóli
Grunnskóli Borgarfjarðar eystri
Dalskóli
Ártúnsskóli
Klébergsskóli
Stórutjarnaskóli og Þingeyjarskóli.
Leikskólinn Birkihlíð
Varmahlíðarskóli
Tónlistarskóli Skagafjarðar
Hríseyjarskóli og Grímseyjarskóli eru grunn- og leikskólar undir einni stjórn.
Óxarfjarðarskóli og Grunnskóli Raufarhafnar eru samreknir leik- og grunnskólar.
Grænigardur, Flateyri, og Grunnskóli Önundarfjarðar, Flateyri.
Grunnskóli Borðeyri og leikskóli Borðeyri
Grunnskólinn í Þorlákshöfn og Tónlistarskóli Árnesinga.
Ekki er um eiginlegan samrekstur að ræða að öðru leyti en því að TÁ er með aðstöðu í húsnæði GP og nýtir sama starfsfólk.
Krikaskóli.
Húnavallaskóli, Vallaból, Tónlistarskóli A-Hún.
Hrafnagilsskóli og Krummakot.
Stofnuð hefur verið leikskóladeild í Flataskóla og er þar samrekstur.
Stöðvarfjarðarskóli.
Grunnskóli Breiðdalshrepps og Tónskóli Breiðdalshrepps.
Heiðarskóli sem er grunnskóli og Skýjaborg sem er leikskóli, eru sameinaðir skólar.
Laugalandsskóli.
Auðarskóli.
Djúpavogsskóli.
1. janúar 2011 voru Leikskólinn Kátaborg og Grunnskólinn Ljósaborg sameinaðir í Kerhólsskóla.
Reykjahlíðarskóli og Tónlistarskóli Mývatnssveitar.
Reykhólaskóli og Hólabær - nú aðeins Reykhólaskóli.
Víkurskóli.
Leikskólinn Gullkistan og Grunnskóli Bláskógabyggðar voru sameinaðir og er nú Bláskógaskóli.

Tafla 15. Hefur á síðustu fimm árum átt sér stað sameining skóla á sama skólastigi í sveitarfélaginu? Leikskólar.

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	10	14,7%	15,6%
	Nei	54	79,4%	84,4%
	Alls	64	94,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	4	5,9%	
Alls		68	100,0%	

Tafla 16. Hefur á síðustu fimm árum átt sér stað sameining skóla á sama skólastigi í sveitarfélaginu? Grunnskólar.

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	10	14,7%	15,6%
	Nei	54	79,4%	84,4%
	Alls	64	94,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	4	5,9%	
Alls		68	100,0%	

Tafla 17. Hefur á síðustu fimm árum átt sér stað sameining skóla á sama skólastigi í sveitarfélaginu? Tónlistarskólar.

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	4	5,9%	6,3%
	Nei	60	88,2%	93,8%
	Alls	64	94,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	4	5,9%	
Alls		68	100,0%	

5. SAMSTARF MILLI SVEITARFÉLAGA

Nokkrar spurningar sneru að samstarfi milli sveitarfélaga. Mikill minnihluti sveitarfélaga hefur haft samvinnu við annað sveitarfélag um rekstur leikskóla (tafla 18). Um þriðjungur sveitarfélaga hefur þurft að bregðast við beiðni um tvöfalda leikskóladvöl barns (tafla 19).

Tafla 18. Hefur sveitarfélagið haft samvinnu við annað sveitarfélag um rekstur leikskóla?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	9	13,2%	14,1%
	Nei	55	80,9%	85,9%
	Alls	64	94,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	4	5,9%	
Alls		68	100,0%	

Tafla 19. Hefur sveitarfélagið þurft að bregðast við beiðni foreldra um tvöfalda leikskóladvöl (í sitt hvoru sveitarfélaginu)?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	18	26,5%	28,1%
	Nei	46	67,6%	71,9%
	Alls	64	94,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	4	5,9%	
Alls		68	100,0%	

6. NEMENDUR

Í nánast öllum sveitarfélögum sækja börn með lögheimili í sveitarfélaginu skóla (tafla 20). Í opinni spurningu var spurt um hvernig sveitarfélagið tryggði nemendum og foreldrum með annað móðurmál en íslensku ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf (tafla 21).

Tafla 20. Eru skólaskyld börn með lögheimili í sveitarfélaginu sem ekki sækja skóla?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	2	2,9%	3,1%
	Nei	62	91,2%	96,9%
	Alls	64	94,1%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	4	5,9%	
Alls		68	100,0%	

Tafla 21. Hvernig tryggir sveitarfélagið að nemendur með annað móðurmál en íslensku og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf?

Athugasemdir
Starfandi tengiliður sem góður aðgangur er að fyrir foreldra og starfsmenn skólanna.
Skólar setja fram stefnu og helstu skilaboð á erlendum tungumálum á heimasíðu og í tölvupósti. Einnig er kallað á tulk þegar þurfa þykir.
Þar megum við án vafa gera betur og unnið er að endurbótum á móttöku og kynningu á skólastarfi fyrir þessi börn og foreldra þeirra.
Sveitarfélagið rekur m.a. nýbúadeild í einum grunnskólanna sem sinnir þessari þjónustu vel auk þess sem allir grunnskólarnir bjóða upp á þjónustu tulka og fagaðila til að miðla upplýsingum um skólastarfið til nemenda og forráðamanna.
Túlkaþjónusta nýtt í skólastarfi ákveðinn kennari er með utanumhald nemenda með annað móðurmál en íslensku og veitir ráðgjöf.
Í skólanum er ekkert barn með annað tungumál en íslensku, en ef til þess kæmi yrði brugðist við því.
Skólastjórnendur eru í reglubundnum samskiptum við börnin og foreldra þeirra varðandi slík mál.
Móttökuteymi skólanna boðar foreldra til viðtals þar sem m.a. er farið yfir upplýsingar frá skólanum til foreldra/forráðamanna um skólastarfið, heimasíðu, skólanámskrá, bæklinga, reglur, venjur, þjónustu o.fl. Túlkaþjónusta er notuð eftir því sem þörf er á. Auk þess er spurt um uppruna, bakgrunn, áhugamál og færni nemandans. Bæði foreldrar og nemandinn sjálfur veita upplýsingar.
Skólarnir hafa móttökuáætlun. Ráðgjafar í [nn]og kennarar koma að málum.
Ekki reynir mikið á þetta en höfum bæði leitað til tulka og nýtt okkur þekkingu og leitað til annara íbúa af erlendum uppruna.
Með túlkaþjónustu og einnig eru í nokkrum tilvikum fyrir hendi starfsmenn sem tala pólsku sem er stærsti hlutu nemenda með annað tungumál.
Við höfum boðið upp á pólskukennslu og pólskumælandi kennara í tónlistarskóla sem hefur kennt pólsku í stundakennslu í grunnskólanum og leikskóla. Eins eru tveir skólaliðar pólskumælandi.
Með kynningarbréfum (þýddum), kynningarfundum, túlkaþjónustu og með verkefnum sem hafa hvatt foreldra til þátttöku í skólastarfi barna sinna.
Á heimasíðu grunnskólans er móttökuáætlun fyrir nýja nemendur með annað tungumál en íslensku. Útvegaðir eru tulkar í foreldraviðtölum. Stundatöflur, skólaskipulag og helstu reglur eru þýddar á pólsku, rúmensku, portúgölsku, ensku og tælensku. Við skólann starfar kennari með sérmenntun í fjölmenningskennslu sem er með fagstjórn og er ráðgefandi í málefnum nemenda af erlendum uppruna.
Sjá skólastefnu grunnskólans.
Með útgáfu upplýsinga á vef og í bæklingum. Í móttökuáætlun leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Með upplýsingum frá þjónustumiðstöðvum, leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum.
Með því að veita túlkaþjónustu.
Þetta vandamál hefur ekki verið til staðar í sveitarfélaginu.
Þetta vandamál hefur ekki komið upp. En komi til þess verður upplýsingum um skólastarfið komið til þeirra.
Starfandi er kennsluráðgjafi (100%) sem hefur yfirumsjón og eftirlit með þessum hætti og fer hann á milli skóla og aðstoðar kennara eftir þörfum, veitir þeim ráðgjöf og þann stuðning sem mögulegur er.
Í gegnum félagsmálastjóra sem fer tvisvar í viku í heimsóknir í grunnskólann. Einnig er stuðningur við nýbúa í skólanum.
Þetta er ekki í nógu góðum farvegi en er efni sem að tekið verður á í stefnumótun sem unnið er að vegna móttöku nýrra íbúa. Sveitarfélagið nýtur smæðarinnar og nýtir sér hana til að nálgast foreldra af erlendum uppruna og kallar þá á fundi með tulk ef þurfa þykir.
Á ekki við.
Við höfum nýtt okkur túlkaþjónustu. Við búum líka það vel að í öllum leik- og grunnskólum, utan tveggja, finnast starfsmenn talandi á fleiri en einu tungumáli.
Tilgreind tilvik ekki þekkt og því hefur ekki reynt þetta atriði.

Sveitarfélagið rekur öflugt grunn- og leikskólastarf auk þess sem það er í samvinnu við fleiri sveitarfélög um grunnþjónustu, t.d. eins og þessa, við skólana.

Hver og einn leik- og grunnskóli ber ábyrgð á að upplýsingar, ráðgjöf og kennsla við hæfi sé til staðar fyrir nemendur með annað móturmál en íslensku. Skólarnir leita þannig einnig eftir ráðgjöf Skólaskrifstofu eða utanaðkomandi ráðgjöf og túlkun ef svo ber undir.

Erfitt að tryggja. Reynt með persónulegum tengslum og túlkþjónustu. Upplýsingabæklingar á erlendum tungumálum.

Flest sveitarfélög telja að málsverður á skólatíma sé í samræmi við opinber manndismarkmið (tafla 22). Fulltrúar gáfu upp skýringar í þeim tilvikum sem þessu var svarað neitandi (tafla 23).

Tafla 22. Er málsverður nemenda sem framreiddur er á skólatíma í samræmi við opinber manndismarkmið?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	61	89,7%	96,8%
	Nei	2	2,9%	3,2%
	Alls	63	92,6%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	5	7,4%	
Alls		68	100,0%	

Tafla 23. Hvers vegna ekki?

Athugasemdir

Þessari spurningu svara ég neitandi þar sem ég í raun veit þetta ekki. Mér finnst maturinn góður og heilsusamlegur og hann er misjafn á milli stofnana þar sem eldað er á hverjum stað. Lýðheilsustöð hefur tekið út eldamennskuna og gefið góð ráð en alltaf er hægt að gera betur og síðan þá hafa orðið mannbreytingar í eldamennskunni sem væntanlega hafa haft áhrif.

Nemendur hafa með sér nesti að heiman.

Flest sveitarfélög töldu að þörf væri á sérstakri úrskurðarnefnd um skólagöngu fósturbarna (tafla 24). Í um þriðjungi sveitarfélaga hafa ekki verið settar opinberar reglur um innritun barna í leikskóla (tafla 25).

Tafla 24. Í kjölfar gildistöku laga nr. 91/2008 um grunnskóla, var sett á laggirnar sérstök úrskurðarnefnd vegna skólagöngu fósturbarna í samræmi við reglugerð nr. 547/2012 um skólagöngu fósturbarna í grunnskólum. Telur þú þörf á að slík nefnd sé starfsrækt?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	49	72,1%	77,8%
	Nei	14	20,6%	22,2%
	Alls	63	92,6%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	5	7,4%	
Alls		68	100,0%	

Tafla 25. Hafa verið settar opinberar reglur um innritun í leikskóla í sveitarfélaginu?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	42	61,8%	66,7%
	Nei	21	30,9%	33,3%
	Alls	63	92,6%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	5	7,4%	
Alls		68	100,0%	

Tölur 26 og 27 gefa yfirlit yfir dreifingu nemenda sem innrituðust í 1. bekk grunnskóla og fæddir eru fyrr og síðar en árið 2008. Þessar tölur ná alveg frá 1 og upp í 230 og því er ljóst að dreifing er töluverð.

Tafla 26. Hve margir nemendur fæddir síðar en 2008 innrituðust í 1. bekk grunnskóla sveitarfélagsins haustið 2014?

	Fjöldi nemenda	Fjöldi sveitarfélaga	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	0	34	50,0%	54,8%
	1	7	10,3%	11,3%
	2	3	4,4%	4,8%
	3	3	4,4%	4,8%
	4	1	1,5%	1,6%
	7	2	2,9%	3,2%
	8	1	1,5%	1,6%
	13	1	1,5%	1,6%
	15	1	1,5%	1,6%
	17	1	1,5%	1,6%
	20	1	1,5%	1,6%
	22	2	2,9%	3,2%
	34	1	1,5%	1,6%
	53	1	1,5%	1,6%
	153	1	1,5%	1,6%
	201	1	1,5%	1,6%
230	1	1,5%	1,6%	
	Alls	62	91,2%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	6	8,8%	
Alls		68	100,0%	

Tafla 27. Hve margir nemendur fæddir fyrr en 2008 innrituðust í 1. bekk grunnskóla sveitarfélagsins haustið 2014?

	Fjöldi nemenda	Fjöldi sveitarfélaga	Hlutfall	Gild svör - hlutfall	
Gild svör	0	52	76,5%	83,9%	
	1	5	7,4%	8,1%	
	2	1	1,5%	1,6%	
	4	1	1,5%	1,6%	
	11	1	1,5%	1,6%	
	18	2	2,9%	3,2%	
		Alls	62	91,2%	100,0%
	Brottfall	Svarar ekki	6	8,8%	
Alls		68	100,0%		

7. STARFSMENN

Flest sveitarfélög óska eftir sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá við ráðningu starfsmanna í leik- og grunnskólum (tafla 28). Nánari skýringar eru gefnar í þeim tilvikum sem þetta er ekki gert (tafla 29).

Tafla 28. Er við ráðningu starfsfólks við leik- og grunnskóla sveitarfélagsins óskað eftir sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já, óskað er eftir sakavottorði	22	32,4%	34,9%
	Já, óskað er eftir heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá	30	44,1%	47,6%
	Nei	11	16,2%	17,5%
	Alls	63	92,6%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	5	7,4%	
Alls		68	100,0%	

Tafla 29. Hvers vegna ekki?

Athugasemdir
Þetta hefur margverið rætt á fundi stjórnenda og bæjarstjóri hefur ítrekað mælt til þess að þetta verði gert. Smæð samfélagsins 'allir þekkja alla' gerir sjálfsgætt að verkum að þessar beiðnir eru með höppum og glöppum en bara nýlega var farið yfir þetta aftur og gerð skýlaus krafa um að allir sem starfa með börnum og unglíngum skili inn sakavottorði.
Ekki hefur þótt ástæða til þess en ef við teldum þess þörf myndum við óska eftir því.
Tilhneiging hefur verið til að treysta fólki.
Ekki hefur þótt ástæða til þess hingað til.
Á við um hluta skólabílstjóra sem ráðnir eru á verktakasamningi.
Sveitarfélagið rekur engan skóla.
Þekkjum þetta fólk og sögu þess.
Ekki verið talin nauðsyn á, lítil starfsmannavelta og fólk með góða reynslu úr öðrum skólum.
Ekki vitað.
Við höfum verið að ráða heimafólk og þekkjum vel til þess. Myndum vita ef viðkomandi hefði gerst brotlegur við lög. Ef við ráðum utanbæjarmann þá verður óskað eftir sakavottorði.

8. ANNÆÐ

Um þriðjungur sveitarfélaga hefur sett sér læsisstefnu (tafla 30). Að lokum var spurt um hversu mikil kostnaðaráhrif (á kvarðanum 1-6) einstaka ákvæði laga um leik- og grunnskóla hefðu haft í sveitarfélaginu. Minnstu kostnaðaráhrifin virðast hafa verið af ákvæðum um sakavottorð en mestu áhrifin af aukinni menntunarkröfu leikskólakennara (tafla 31).

Tafla 30. Hefur sveitarfélagið sett sér læsisstefnu?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	21	30,9%	33,9%
	Nei	41	60,3%	66,1%
	Alls	62	91,2%	100,0%
Brottfall	Svarar ekki	6	8,8%	
Alls		68	100,0%	

Tafla 31. Hafa eftirfarandi ákvæði laga um leik- og grunnskóla haft kostnaðaráhrif í sveitarfélaginu?

Ákvæði	Fjöldi	Meðaltal*	Staðalfrávik
Aukin menntunarkrafa leikskólakennara, sbr. lög um menntun og ráðningu	62	3,42	1,60
Aukin menntunarkrafa grunnskólakennara, sbr. lög um menntun og ráðningu	62	3,35	1,48
Sérfræðingur í leikskólamállum hjá sveitarfélaginu	62	2,85	1,64
Ákvæði um skólastefnu sveitarfélaga	62	2,84	1,23
Ytra mat sveitarfélaga á grunnskólum	62	2,65	1,56
Ytra mat sveitarfélaga á leikskólum	62	2,58	1,62
Húsnæði leikskóla (gildir eingöngu ef um nýjan leikskóla í sveitarfélaginu er að ræða)	62	2,53	1,82
Sameiginleg sérfræðiþjónusta fyrir leik- og grunnskóla, minni kostnaður?	62	2,37	1,47
Heimild um samrekstur skóla, ef við á	62	1,94	1,42
Ákvæði um sakavottorð	62	1,32	0,57

*1 = engin áhrif; 6= mjög mikil áhrif

VIÐAUKI I - SPURNINGALISTI NETKÖNNUNARINNAR

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur falið Attentus – mannauði og ráðgjöf ehf. að gera kannanir meðal sveitarfélaga og skóla um innleiðingu og framkvæmd laga um leikskóla nr. 90/2008, grunnskóla nr. 91/2008 og framhaldsskóla nr. 92/2008.

Kannanirnar verða sendar sveitarfélögum og skólum í ágúst, september og október n.k. og stefnt er að því að skýrslur með niðurstöðum liggi fyrir í nóvember 2014. Niðurstöður verða teknar saman og settar fram í skýrslum sem sendar verða sveitarfélögum, skólum og ýmsum hagsmunaaðilum. Þær verða birtar á vef ráðuneytisins en að auki fær mennta- og menningarmálaráðuneytið gagnaskrá þar sem hægt verður að rekja svör til einstakra sveitarfélaga og skóla.

Biðjum við þig vinsamlegast að svara könnuninni við allra fyrsta tækifæri og eigi síðar en 5. september n.k. Hafir þú einhverjar spurningar eða athugasemdir við framkvæmd könnunarinnar geturðu haft samband við Sveinborgu Hafliðadóttur (sveinborg@attentus.is).

Með fyrirfram þökk fyrir þátttökuna.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

1. Er sameiginleg nefnd á vegum sveitarfélagsins sem fer með málefni leikskóla og grunnskóla?

1. Já
2. Nei

2. Vinsamlega greindu í stuttu máli frá fyrirkomulaginu:

3. Staðfesti skólanefnd skólanámskrá grunnskóla fyrir skólaárið 2013-2014?

1. Já
2. Nei

4. Hvers vegna ekki?

5. Staðfesti skólanefnd skólanámskrá leikskóla fyrir skólaárið 2013-2014?

1. Já
2. Nei

6. Hvers vegna ekki?

7. Staðfesti skólanefnd starfsáætlun grunnskóla fyrir skólaárið 2013-2014?

1. Já
2. Nei

8. Hvers vegna ekki?

9. Staðfesti skólanefnd starfsáætlun leikskóla fyrir skólaárið 2013-2014?

1. Já
2. Nei

10. Hvers vegna ekki?

11. Hefur sveitarfélagið gert/látið framkvæma ytra mat (fengið utanaðkomandi aðila til að gera úttekt) á skólum sveitarfélagsins frá árinu 2008? Hér er ekki átt við úttektir sem gerðar hafa verið á grundvelli þróunarverkefnis um ytra mat í grunnskólum á vegum mennta- og menningarmálaráðuneyti og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

1. Já
2. Nei

12. Vinsamlega tilgreindu hvaða úttekt/úttektir, hvenær hún/þær fór fram og birtu slóð inn á þar sem þær eru birtar:

13. Vinsamlega tilgreindu ástæðu:

14. Stuðlar sveitarstjórn að samstarfi milli leikskóla og grunnskóla?

1. Já
2. Nei

15. Vinsamlega tilgreindu með hvaða hætti:

16. Stuðlar sveitarstjórn að samstarfi milli grunnskóla og framhaldsskóla?

1. Já
2. Nei

17. Vinsamlega tilgreindu með hvaða hætti:

18. Er samrekstur skóla í sveitarfélaginu?

1. Já, milli leikskóla og grunnskóla
2. Já, milli leikskóla og tónlistarskóla
3. Já, milli grunnskóla og tónlistarskóla
4. Já, milli leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla
5. Nei, enginn samrekstur er milli skóla innan sveitarfélagsins

19. Vinsamlegast tilgreindu nöfn skólanna:

--

20. Hefur sveitarfélagið haft samvinnu við annað sveitarfélag um rekstur leikskóla?

1. Já
2. Nei

21. Hefur sveitarfélagið haft samvinnu við annað sveitarfélag um rekstur grunnskóla?

1. Já
2. Nei

22. Hefur sveitarfélagið þurft að bregðast við beiðni foreldra um tvöfalda leikskóladvöl (í sitt hvoru sveitarfélaginu)?

1. Já
2. Nei

23. Hefur á síðustu fimm árum átt sér stað sameining skóla á sama skólastigi í sveitarfélaginu?

	Já	Nei
Leikskólar		
Grunnskólar		
Tónlistarskólar		

24. Eru skólaskyld börn með lögheimili í sveitarfélaginu sem ekki sækja skóla?

1. Já
2. Nei

25. Tilgreinið fjölda, fæðingarár og ástæður

--

26. Hvernig tryggir sveitarfélagið að nemendur með annað móðurmál en íslensku og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf?

27. Er við ráðningu starfsfólks við leik- og grunnskóla sveitarfélagsins óskað eftir sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá?

1. Já, óskað er eftir sakavottorði
2. Já, óskað er eftir heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá
3. Nei

28. Hvers vegna ekki?

29. Er málsverður nemenda sem framreiddur er á skólatíma í samræmi við opinber mannedismarkmið?

1. Já
2. Nei

30. Hvers vegna ekki?

31. Í kjölfar gildistöku laga nr. 91/2008 um grunnskóla, var sett á laggirnar sérstök úrskurðarnefnd vegna skólagöngu fósturbarna í samræmi við reglugerð nr. 547/2012 um skólagöngu fósturbarna í grunnskólum. Telur þú þörf á að slík nefnd sé starfsrækt?

1. Já
2. Nei

32. Hafa verið settar opinberar reglur um innritun í leikskóla í sveitarfélaginu?

1. Já
2. Nei

33. Hvers vegna ekki?

34. Hve margir nemendur fæddir síðar en 2008 innrituðust í 1. bekk grunnskóla sveitarfélagsins haustið 2014?

35. Hve margir nemendur fæddir fyrr en 2008 innrituðust í 1. bekk grunnskóla sveitarfélagsins haustið 2014?

36. Hefur sveitarfélagið sett sér læsisstefnu?

1. Já
2. Nei

37. Vinsamlegast tilgreinið vefslóð á stefnu:

38. Hafa eftirfarandi ákvæði laga um leik- og grunnskóla haft kostnaðaráhrif í sveitarfélaginu? (Vinsamlega tilgreindu áhrifin á kvarðanum 1-6 þar sem 1 merkir engin áhrif en 6 afar mikil áhrif)

	Engin áhrif					Afar mikil áhrif
Ákvæði um skólastefnu sveitarfélaga						
Aukin menntunarkrafa leikskólakennara, sbr. lög um menntun og ráðningu						
Aukin menntunarkrafa grunnskólakennara, sbr. lög um menntun og ráðningu						
Ákvæði um sakavottorð						
Húsnæði leikskóla (gildir eingöngu ef um nýjan leikskóla í sveitarfélaginu er að ræða)						
Sérfræðingur í leikskólamállum hjá sveitarfélaginu						
Sameiginleg sérfræðiþjónusta fyrir leik- og grunnskóla, minni kostnaður?						
Ytra mat sveitarfélaga á leikskólum						
Ytra mat sveitarfélaga á grunnskólum						
Heimild um samrekstur skóla, ef við á						

39. Hafa einhver önnur ákvæði um leik- og grunnskóla haft kostnaðaráhrif í sveitarfélaginu? Ef svo er, hvaða áhrif hafa þau haft?

40. Annað sem sveitarstjórn vill koma á framfæri og varðar einstök atriði laga um leik- og grunnskóla og reglugerða sem settar hafa verið við löginn:

VIÐAUKI II - YFIRLIT YFIR SVEITARFÉLÖG

Akrahreppur	Kaldrananeshreppur
Akranes	Kjósarhreppur
Akureyri	Kópavogur
Árborg	Langanesbyggð
Árneshreppur	Mosfellsbær
Ásahreppur	Mýrdalshreppur
Bláskógabyggð	Rangárþing eystra
Blönduósbær	Rangárþing ytra
Bolungarvík	Reykholahreppur
Borgarbyggð	Reykjanesbær
Borgarfjörður eystri	Reykjavík
Breiðdalshreppur	Sandgerði
Dalabyggð	Seltjarnarnes
Dalvíkurbyggð	Seyðisfjörður
Djúpavogshreppur	Skaftárhreppur
Egilsstaðir	Skagafjörður
Eyafjarðarsveit Norðurland	Skagatrönd
Fjallabyggð	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Fjarðarbyggð	Skútustaðahreppur
Flóahreppur	Snæfellsbær
Garðabær	Strandabyggð
Grindavík	Stykkishólmur
Grímsnes- og Grafningshreppur	Súðavíkurhreppur
Grundarfjarðarbær	Svalbarðshreppur
Grýtubakkahreppur	Svalbarðsströnd
Hafnarfjörður	Sveitarfélagið Garður
Helgafellssveit	Sveitarfélagið Hornafjörður
Hrunamannahreppur	Sveitarfélagið Norðurþing
Húnavatnshreppur	Tálknafjörður
Húnaþing vestra	Tjörneshreppur
Hvalfjarðarsveit	Vesturbyggð
Hveragerði	Vogar við Vatnsleysuströnd
Hörgársveit	Pingeyjarsveit
Ísafjörður	Ölfus